

MENNINGARSTEFNA VESTURLANDS

2021-2024

Drög að endurskoðaðri menningarstefnu
18. ágúst 2021

INNGANGUR

Í samningi á milli stjórnvalda og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi er kveðið á um að Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024 skuli marka stefnu landshlutans í menningarmálum. Sú menningarstefna sem mótuð var árið 2016 hefur nú verið yfirfarin og endurskoðuð með það að markmiði að hún endurspegli enn frekar menningarlega sérstöðu Vesturlands. Menningarstefna Vesturlands er þannig áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands, í því augnamiði að fylgja enn frekar eftir ákvæði áður nefnds samnings um stefnumótun í menningarmálum.

Endurskoðun menningarstefnunnar var frestað tímabundið vegna þeirra aðstæðna sem upp komu í þjóðfélaginu í tengslum við COVID-19-faraldurinn, en þráðurinn tekinn upp að nýju fyrri hluta árs 2021 þegar fagráð var skipað um verkefnið og undirbúningsvinna hófst. Skipun fagráðsins var með þeim hætti að sveitarfélögin á Vesturlandi tilnefndu einn fulltrúa hvert og auk þeirra sitja í fagráði fjórir fagaðilar starfandi á Vesturlandi með menningartengdar atvinnugreinar sem aðalstarf. Við endurskoðun stefnunnar var m.a. höfð til hliðsjónar framtíðarsýn Sóknaráætlunar Vesturlands er lýtur að menningu:

Auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera áþreifanlega í verðmætasköpun landshlutans.

Vesturland er eftirsóknarvert landsvæði sem iðar af mannlífi og menningu. Í stöðumati Sóknaráætlunar segir að Vesturland hafi yfir að búa öfluggu menningarstarfi sem eykur lífsgæði íbúa og dregur að gesti. Framlegð skapandi greina til heildarinnar sé þar einna hæst á landinu og að á Vesturlandi liggi gríðarleg tækifæri í að tengja matvælaframleiðslu, menningu og þjónustu við ferðafólk.

Sífelld meiri fjölbreytni færir í atvinnulíf svæðisins en í framtíðarsýn Sóknaráætlunar Vesturlands segir að ný atvinnutækifæri hafi stutt við fólksfjölgun á svæðinu. Ungt fólk sjái landshlutann sem aðlaðandi kost til búsetu í krafti góðrar þjónustu, sterkra innviða, öflugs atvinnulífs og menningarstarfs. Þar að auki má ætla að það svigrúm sem víða hefur myndast með störfum án staðsetningar gæti skapað ný tækifæri og haft jákvæð áhrif á mannfjöldaþróun svæðisins og samsetningu íbúa.

Menningarstefnunni er ætlað að mynda grunn fyrir ákvarðanatöku SSV í menningarmálum, þ.m.t. við úthlutun verkefnastyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Jafnframt að Menningarstefna Vesturlands verði fyrirmynd sveitarfélaganna í landshlutanum í stefnumótun menningarmála á sínum svæðum.

Við endurskoðun menningarstefnunnar var lögð áhersla á að hún yrði sameign landshlutans og því leitað fulltingis fólks af öllu Vesturlandi. Verkefnið var unnið undir verkefnastjórn

menningarfulltrúa Vesturlands, Sigursteins Sigurðssonar. Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV var til ráðgjafar og Sólveig Ólafsdóttir aðstoðaði við framkvæmd og úrvinnslu stefnumótunarfunda.

Fagráð skipuðu eftirtaldir:

Ása Líndal Hinriksdóttir, *menningar- og frístundafulltrúi í Hvalfjarðarsveit*
Bjarnheiður Jóhannesdóttir, *forstöðumaður Eiríksstaða og verkefnastjóri Vínlandsseturs*
Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir, *sögufylgja og sagnapulur á Snæfellsnesi*
Eygló Bára Jónsdóttir, *kennari og formaður menningarnefndar Grundarfjarðarbæjar*
Heiðar Mar Björnsson, *kvikmyndagerðarmaður og framkvæmdastjóri Muninn film*
Jóhannes Eyberg, *bóndi að Hraunhálsi í Helgafellssveit*
Kári Viðarsson, *leikari og eigandi Frystiklefans á Rífi*
María Neves, *starfsmaður atvinnu-, markaðs- og menningarnefndar Borgarbyggðar*
Ólafur Páll Gunnarsson, *fjölmíðlamaður og formaður menningar- og safnanefndar Akraness*
Ragnheiður Valdimarsdóttir, *fulltrúi hjá Stykkishólmsbæ og formaður fagráðs Uppbyggingarsjóðs Vesturlands*
Sigrún Þómar, *starfsmaður Snorrastofu og íbúi tilnefnd af Skorradalshrepp*
Sigþóra Óðinsdóttir, *myndlistamaður og einn af stofnendum Plan-B Art Festival*
Þorgrímur Einar Guðbjartsson, *bóndi og ferðaþjónustu- og matarfrumkvöðull að Erpsstöðum*

VINNULAG VIÐ ENDURSKOÐUN

Fagráð hóf undirbúningsvinnu í byrjun mars. Tekin var ákvörðun um að fjalla um einn hluta menningarstefnunnar í einu, þvert á svæðin, ólíkt því sem gert hafði verið við mótun hinnar upphaflegu menningarstefnu. Vegna samkomutakmarkana voru allir fundirnir haldnir rafrænt í beinu streymi. Þátttaka var góð á öllum fundunum fimm og bárust þónokkuð margar hugmyndir og athugasemdir frá áheyrendum.

Boðað var til streymisfundanna með almennum auglýsingum en farin var sú leið að fá fjóra öflugra einstaklinga starfandi í menningarmálum á Vesturlandi að pallborðinu hverju sinni. Tekið var á móti tillögum og athugasemdum frá áheyrendum jafnóðum og þær bárust en einnig eftir fundina. Auk þess var notast við rafrænt könnunarkerfi á fundunum til að fá fram sjónarmið sem flestra áheyrenda.

Starfsmenn SSV tóku saman niðurstöður stefnumótunarfundanna og lögðu fram tillögur til fagráðs menningarstefnunnar sem útfærði þær nánar. Niðurstaða þessara vinnu er sú endurskoðaða menningarstefna Vesturlands sem lögð var fyrir stjórn SSV síðsumars 2021. (ATH SKRIFA NIÐURSTÖÐU).

Opnu streymisfundirnir voru eftirfarandi:

29. mars 2021, I. Menningaruppeldi

30. mars 2021, II. Listir

6. apríl 2021, III. Nýsköpun

8. apríl 2021, IV. Menningararfur

13. apríl 2021, V. Samvinna

Endurskoðuð og uppfærð menningarstefna Vesturlands var gefin út í ágúst 2021. Gert er ráð fyrir næstu endurskoðun árið 2025.

FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI

Endurskoðun eldri menningarstefnunnar miðast við að samræma stefnuna við samtímann á Vesturlandi, ekki síst í ljósi breyttra aðstæðna eftir heimsfaraldur. Fagráð var sammála um að leggja sérstaka áherslu á atvinnugreinar menningar, menningu minnihlutahópa eins og t.d. Vestlendinga af erlendum uppruna og að stefnan sé mótuð út frá Vesturlandi sem heild.

Áhersla var lögð á að mæla árangur um framkvæmd stefnunnar. Í lok hvers hluta hennar er listi yfir mælanleg markmið sem hafa þann tilgang að leggja mat á árangur þeirra markmiða og aðgerða sem fram eru settar í stefnunni. Þannig er stefnt að því að vinna skýrslu um framgang Menningarstefnu Vesturlands þegar kemur að næstu endurskoðun hennar árið 2025.

I. MENNINGARUPPELDI

STEFNA

Fjölbreyttara námsframboð í skapandi greinum verði í boði á Vesturlandi. Menningarfræðsla og kennsla í fjölbreyttum listgreinum fléttist inn í reglubundið skólastarf.

Markmið 1:

Fjölbreyttir möguleikar á Vesturlandi til menntunar í menningu og listum

AÐGERÐIR:

Listkennsla verði eflað á öllum skólastigum og starfsfólk skólanna stutt í að beita skapandi lausnum við vinnu sína. Listgreinakennarar á Vesturlandi hafi samráðsvettvang/tengslanet.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélögin

Æskilegur samstarfsaðili: Menntastofnanir á Vesturlandi

Gerð verði úttekt á framboði listaskóla á Vesturlandi, t.d. með útvíkkun á starfsemi tónlistarskóla, stofnun listnámsbrauta á framhaldsskólastigi og stofnun listaskóla almennt.

Framkvæmdaraðilar: SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

Listnám og nám í skapandi greinum verði eflt á háskólastigi. Stofnað verði rannsóknarsetur skapandi greina við Háskólann á Bifröst sem rannsakar hagræn áhrif lista á byggðaþróun.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Æskilegur samstarfsaðili: Háskólinn á Bifröst

Listasmiðjur verði starfræktar víðsvegar um landshlutann með aðstöðu fyrir fjölbreytt námskeiðahald fyrir alla hópa samfélagsins. Horft verði til félagsheimila og menningarhúsa víðsvegar um landshlutann í þessum efnum.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin

Vinnuskólar bjóði upp á skapandi sumarstörf ungmenna í auknum mæli og leitist við samstarf við einstaklinga í skapandi greinum sem sinna hlutverki leiðbeinenda.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin

Unnið verði með menningar- og átthagafræði í skólum á Vesturlandi þar sem tengsl skólanna við nærsamfélagið verði eflt og stuðlað að samstarfi skóla, atvinnulífs, safna og menningarstofnanna.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Æskilegir samstarfsaðilar: Menningarstofnanir, menntastofnanir og atvinnulífið

Markmið 2:

Áhersla á menningu allra aldurshópa

AÐGERÐIR:

Barnamenningarhátíðir verði haldnar reglulega á mismunandi stöðum á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin og SSV með stuðning frá Sónknaaráætlun Vesturlands

Stuðlað verði að auknu menningarsamstarfi kynslóða með áherslu á samstarf elstu og yngstu aldurshópa.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin og SSV með stuðning frá Sónknaaráætlun Vesturlands

Markmið 3:

Börn og ungmenni njóti menningar óháð búsetu, efnahag eða uppruna

AÐGERÐIR:

Menningar- og listastofnanir á Vesturlandi vinni að fræðsluáætlun í daglegu starfi sínu og stuðlað verði að reglulegum heimsóknum leik- og grunnskóla til þeirra. Miðlun og fræðsla menningar- og listastofnanna til íbúa/barnafjölskyldna verði aukin.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélögin
Æskilegir samstarfsaðilar: Menningar- og menntastofnanir

Aðgengi barna og ungmenna að söfnum og menningarviðburðum og áframhaldandi samstarf við byggðapróunarverkefnið *List fyrir alla*.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélögin
Æskilegir samstarfsaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Mælanleg markmið vegna kafla um Menningaruppeldi

- Fjölgar námskeiðum og/eða áföngum í listgreinum hjá skólastofnunum Vesturlands á tímabilinu 2021-2025?
- Fjölgar listaskólum á Vesturlandi á tímabilinu 2021-2025?
- Fjölgar nemendum í listnámi á Vesturlandi á tímabilinu 2021-2025?
- Fjölgar nemendum af Vesturlandi sem sækja í listnám á háskólastigi að framhaldsskóla loknum á tímabilinu 2021-2025?
- Eykst námsframboð í listgreinum utan hefðbundinna skólastofnana á tímabilinu 2021 – 2025?
- Munu sveitarfélögin bjóða upp á skapandi störf fyrir ungmenni í vinnuskólum landshlutans árið 2025?
- Hvað hafa verið haldnar margar Barnamenningarhátíðir á Vesturlandi?
- Hefur Rannsóknarsetur skapandi greina hefur verið stofnað á Vesturland?
- Hvað hafa margar menningarstofnanir á Vesturlandi sem taka á móti gestum unnið fræðsluáætlun?
- Hvað hafa margar aðgerðar verið framkvæmdar til að efla verkefnið „List fyrir alla“?

II. LISTIR

STEFNA

Listum sé gert hátt undir höfði á Vesturlandi og áhersla lögð á fjölbreytta listsköpun allra í samfélaginu, óháð aldri, stöðu eða uppruna. Sveitarfélög starfi saman að því að skapa vettvang þar sem listsköpun og atvinnulíf leiðast saman á Vesturlandi.

Markmið 1:

Listir fái aukið vægi í daglegu lífi á Vesturlandi

AÐGERÐIR:

Efla markvissa kynningu á listum og listviðburðum.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin, SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands og Markaðsstofa Vesturlands

Markmið 2:

Áhersla á fjölbreyttar listir og samtímalist

AÐGERÐIR:

Stuðlað verði að auknu samstarfi listamanna þvert á listgreinar á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Listasel (e. residencies) verði eflað um allt Vesturland og stutt verði við starfsemi þeirra. Skapað verði tengslanet gestalistafólks við listafólk með búsetu í landshlutanum.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin, stuðningur frá SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Aukinn stuðningur við verkefni listamanna á Vesturlandi. Farið verði í kynningarátak á ráðgjafarþjónustu og styrkjum fyrir aðila í skapandi greinum.

*Hverjir koma að aðgerðinni: SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands
Æskilegur samstarfsaðili: Háskólinn á Bifröst*

Markmið 3:

Stefnt að eflingu listahátíða á Vesturlandi

AÐGERÐIR:

Listahátíðir verði haldnar víða á Vesturlandi og skapaður frjór jarðvegur fyrir listahátíðir sprotnar úr grasrótinni.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV, Sóknaráætlun Vesturlands og sveitarfélögin

Stutt verði við þegar starfandi listahátíðir á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélögin

Komið verði á laggirnar hæfileikakeppni eða hæfileikahátíð ungmenna á Vesturlandi sem haldin er með reglubundnum hætti.

Hverjir koma að aðgerðinni: Ungmennaráð Vesturlands, sveitarfélögin, SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

Æskilegur samstarfsaðili: Ungmennafélögin á Vesturlandi

Mælanleg markmið

- Fjölgar menningarumsóknum í Uppbyggingarsjóð Vesturlands á tímabilinu 2021-2025?
- Hefur fjöldi skráðra listasela (e. art residencies) hefur aukist um allt Vesturland á milli 2021 og 2025?
- Hafa faglegar listahátíðir hafa fest sig í sessi víðsvegar um Vesturland árið 2025?
- Hafa listahátíðir á Vesturlandi hafa hlotið viðurkenningar, t.d. Eyrarrósina, árið 2025?
- Er haldin hæfileikakeppni barna, unglunga og ungmenna á Vesturlandi með reglulegu millibili árið 2025?
- Rennur meira fé til list- og menningartengdra verkefna í tengslum við Sóknaráætlun Vesturlands árið 2025 heldur en árið 2021?
- Leiðir aukin fagleg ráðgjöf til listamanna til fleiri menningartengdra nýsköpunarverkefna árið 2025 heldur en árið 2021?
- Hefur kynningaráætlun Markaðsstofu vesturlands er lýtur að greinum lista á Vesturlandi verið mótuð?

III. NÝSKÖPUN OG SKAPANDI GREINAR

STEFNA

Á Vesturlandi verði stöðug framþróun í menningartengdum atvinnugreinum og í nýsköpun skapandi greina. Menningartengdar atvinnugreinar verði áberandi í atvinnulífinu á Vesturlandi.

Markmið 1:

Greiður aðgangur að ráðgjöf og fjárstuðningi við nýsköpunarverkefni í menningarmálum og skapandi greinum

AÐGERÐIR:

Ráðgjöf fyrir nýliða í rekstri sem tengist menningu og skapandi greinum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Upplýsingamiðlun um fjármögnunarmöguleika fyrir nýsköpunarverkefni, skilmála og umsóknarfresti í sjóði fyrir þá sem starfa að menningartengdum atvinnugreinum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Markmið 2:

Þverfaglegt samstarf fyrirtækja í öllum atvinnugreinum á Vesturlandi við aðila í nýsköpun og menningargreinum

AÐGERÐIR:

Áframhaldandi uppbygging nýsköpunar- og þróunarsetra á Vesturlandi. Áhersla er lögð á menningartengd nýsköpunar- og atvinnuverkefni.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Skapaður verði hvati til samstarfs milli einstaklinga í skapandi greinum og fyrirtækja/stofnanna í öðrum atvinnugreinum á Vesturlandi, svo sem með efldu tengslaneti og styrkjum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Markmið 3

Hvatt til menningartengdrar nýsköpunar, menningarstarfs eða fjárfestingar í menningu með verðlaunum eða viðurkenningum

AÐGERÐIR:

Viðurkenning veitt árlega til aðila í menningartengdum verkefnum á pari við Nýsköpunarverðlaun Vesturlands. Viðurkenning menningar veitt í samræmi við úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Markmið 4:

Kynning á nýsköpun ásamt menningartengdum og skapandi atvinnugreinum

AÐGERÐIR:

Lifandi kynning á menningartengdum atvinnugreinum og skapandi greinum í landshlutanum.

Hverjir koma að aðgerðinni: Markaðsstofa Vesturlands, SSV og/eða Sóknaráætlun Vesturlands

Þátttaka í stærri verkefnum sem miða að því að kynna nýsköpun og skapandi greinar á Vesturlandi, t.d. Hönnunarmars, listahátíðum, List án landamæra og samnorrænum verkefnum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV með stuðning úr Sóknaráætlun Vesturlands

Mælanleg markmið vegna kafla um Nýsköpun

- Fjölgar einyrkjum og smærri fyrirtækjum starfandi í menningartengdri nýsköpun á tímabilinu 2021-2025?
- Eru nýsköpunar-, frumkvöðla- og þróunarsetur starfandi víða á Vesturlandi árið 2025?
- Eru Menningarverðlaun Vesturlands veitt árlega árið 2025?
- Hafa menningarverkefni á landsvísu, t.d. Hönnunarmars, Listahátíð í Reykjavík o.fl. teygt anga sína á Vesturland árið 2025?

IV. MENNINGARARFUR

STEFNA

Menningararfur Vesturlands verði varðveittur og honum miðlað með áherslu á sögulega sérstöðu svæðisins. Jafnhliða lögð áhersla á samtímamenningu og menningararf ólíkra hópa samfélagsins, til dæmis íbúa af erlendum uppruna.

Markmið 1:

Menningararfur Vesturlands verði áberandi þáttur í markaðssetningu svæðisins

AÐGERÐIR:

Auka þátt menningararfs í markaðssetningu Vesturlands til íbúa Íslands, sem og ferðamanna.
Hverjir koma að aðgerðinni: Markaðsstofa Vesturlands

Skráning menningar- og fornminja og úrvinnsla skráningar verði aukin á Vesturlandi. Gögn um skráningar gerð aðgengilegri m.t.t. uppbyggingar áfangastaða og nýsköpunar.
Hverjir koma að aðgerðinni: SSV, söfn á Vesturlandi og Markaðsstofa Vesturlands

Markmið 2:

Góð aðstaða sé til menningarstarfs á Vesturlandi og metnaðarfullt safnastarf

AÐGERÐIR:

Styðja skal við metnaðarfullt safnastarf í landshlutanum.
Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Unnið verði að stefnumótun fyrir sameiginlegu Listasafni Vesturlands eða samstarf safna á Vesturlandi á því sviði sem starfar á faglegum grunni. Skapaður verði hvati til aukinnar starfsemi og miðlunar í söfnum Vesturlands.
Hverjir koma að aðgerðinni: Menningarstofnanir, SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Menningarstofnanir á Vesturlandi leggi áherslu á fjölmenningu og að vera fulltrúar allra íbúa Vesturlands, óháð uppruna, við miðlun og varðveislu menningararfs.
Hverjir koma að aðgerðinni: Menningarstofnanir, SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Skapaður verði hvati fyrir menningar-, áttþaga- og þekkingarstofnanir að huga að samtíma menningarstarfi og skráningu samtímasögu.

Hverjir koma að aðgerðinni: Menningarstofnanir, SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Leitast verði við að nýta aðferðafræði upplifunarhönnunar og leikjafræði við miðlun menningararfs, óháð tækni. Engu að síður, þar sem það á við, skal nýta nýja tækni svo sem tölvuleiki og sýndarveruleika í miðlun menningararfs. Þannig verði stuðlað að fjölbreytni í sýningarhaldi á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Menningarstofnanir, SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Markmið 3:

Merkingar við þjóðleiðir og alla helstu staði á Vesturlandi sem hafa sögu- og menningarlegt gildi

AÐGERÐIR:

Merkingar staða og mannvirkja með sögu- og menningarlegt gildi.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Áfangastaðastofa Vesturlands, sveitarfélögin og SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands
Æskilegur samstarfsaðili: Vegagerðin*

Merkingar þjóðleiða á Vesturlandi með aukna áherslu á rafræn göngu- og hjólakort, með það fyrir augum að bæta upplifun og auka öryggi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin, Markaðsstofa/Áfangastofa Vesturlands og SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

Kynna þjóðleiðir og staði með sögu- og menningarlegt gildi á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Markaðsstofa/Áfangastaðastofa Vesturlands og SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

Markmið 4:

Menningarlandslag Vesturlands verði kortlagt og kynnt

AÐGERÐIR:

Efling menningarmiðlunar og átthagafræðslu í öllum leik- og grunnskólum á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Markaðsstofa Vesturlands, SSV og/eða Sóknaráætlun Vesturlands

Próun kennsluefnis í átthagafræðslu fyrir alla aldurshópa, m.a. með nýtingu tölvuleikja eða smáforrita.

*Hverjir koma að aðgerðinni: SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands
Æskilegur samstarfsaðili: Menningarstofnanir á Vesturlandi*

Myndaður sé hvati til að safna munnlegri geymd með viðtölum og halda skráningu sagna frá eldri íbúum Vesturlands.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin (skólastofnanir), menningarstofnanir og SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

Aukin áhersla á kynningu, menntun og fræðslu um matargerð, handverk, verslunar-, landbúnaðar-, útvegs- og samgöngusögu, sagnir og fleira sem tengist menningararfi íbúa Vesturlands.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin með stuðningi SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands

Markmið 5:

Áhersla á verndun gamalla húsa og annarra mannvirkja er hafa sögu- og menningarlegt gildi

AÐGERÐIR:

Merkingar gamalla húsa og annarra mannvirkja með sögulegu ívafi á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands, t.d. Uppbyggingarsjóði Vesturlands

Húsakannanir og -skráningar verði framkvæmdar víða á Vesturlandi í samstarfi við Minjastofnun Íslands.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin og SSV
Æskilegur samstarfsaðili: Minjastofnun Íslands*

Myndaður sé hvati til viðhalds eldri húsa og annarra mannvirkja með varðveislugildi, t.d. í formi sérstakra styrkja.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin og SSV
Æskilegur samstarfsaðili: Minjastofnun Íslands*

Mælanleg markmið vegna kafla um Menningararfs

- Fjölgar skráningum á forn- og söguminjum á Vesturlandi á tímabilinu 2021-2025?
- Hefur markaðssetning á Vesturlandi sem „sögulandshluta“ farið fram árið 2025?
- Hefur verið stofnaður Safnaklasi Vesturlands árið 2025?
 - Sameiginleg, fagleg aðgerðaáætlun varðandi skráningu samtímaheimilda
 - Sameiginleg, fagleg aðgerðaráætlun er varðar miðlun, varðveislu og skráningu menningu allra íbúa og þjóðfélagshópa á Vesturlandi
- Hafa komist í framkvæmd verkefni er varða miðlun menningararfs með tækninýjungum, svo sem tölvuleikjum og sýndarveruleika á Vesturlandi árið 2025?
- Hefur skráning, kortlagning og miðlun áfangastaða, þjóðleiða og sögustaða farið batnandi á tímabilinu 2021-2025? Með hliðsjón af úttekt sem framkvæmd var af Áfangastaðastofu Vesturlands þar sem fram kemur þörf á merkingum og/eða verndun staða fyrir ágangi. - sjá athugasemd Dagbjartar
- Hafa sveitarfélögin mótað stefnu er varðar merkingu eldri, sögulegra eða merkilegra mannvirkja?
- Fjölgar merkingum við eldri hús og og önnur mannvirki með varðveislugildi á Vesturlandi á tímabilinu 2021-2025?
- Hafa húsakannanir verið framkvæmdar víðsvegar um Vesturland árið 2025?
- Er til staðar sameiginleg fagleg aðgerðaáætlun safna á Vesturlandi um varðveislu menningararfs og miðlun hans árið 2025?
- Hefur stefnumótun Listasafns Vesturlands verið unnin?

V. SAMVINNA

STEFNA

Sveitarfélög á Vesturlandi vinni saman að menningarmálum og uppbyggingu menningartengdra atvinnugreina, með það að markmiði að Vesturlandi verði þekkt fyrir öflugt menningarstarf, listir, menningartengda nýsköpun og skapandi greinar.

Markmið 1:

Samstarf sveitarfélaga um menningarviðburði, skapandi greinar og skipulag menningarmála á svæðinu

AÐGERÐIR:

Unnið sé markvisst að kynningarstarfi á sviði menningar og lista á Vesturlandi í samstarfi við fagfólk á þeim sviðum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Markaðsstofa Vesturlands

Öflugtu tengslaneti listafólks og fólks í skapandi greinum á Vesturlandi verði komið á fót og starfrækt til framtíðar.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Haldin sé málstofa með reglulegu millibili fyrir viðburðarstjóra og/eða viðburðahaldara listahátíða á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Menningarfulltrúar sveitarfélaganna fundi reglulega og eigi í reglubundnum samskiptum/samstarfi um ýmis menningartengd verkefni.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Markmið 2:

Samstarf sveitarfélaga um safnamál á Vesturlandi

AÐGERÐIR:

Formlegur samstarfsvettvangur safna eða safnaklasi verði settur á laggirnar á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélögin

Árlegur samráðsfundur safna, sýningarrýma og setra á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Söfnin á Vesturlandi og SSV

Þróun og markaðssetning Vesturlandspassa sem gildi sem aðgöngumiði á öll söfn á Vesturlandi.
Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin í samvinnu við SSV og Markaðsstofu Vesturlands

Sveitarfélögin horfi til stofnunar Listasafns Vesturlands með áherslu á samtímalistir.
Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin

Markmið 3:

Félagsheimili og annað vannýtt húsnæði í opinberri eigu nýtt enn frekar til menningarstarfs og skapandi greina. Stuðlað að uppbyggingu menningarhúsa á Vesturlandi í samræmi við þróun í öðrum landshlutum.

AÐGERÐIR:

Stuðningur við bættu nýtingu og/eða breytt hlutverk menningarhúsa, félagsheimila og mannvirkja í opinberri eigu í þágu fjölbreyttrar menningar og listsköpunar á Vesturlandi.
Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin, stuðningur frá SSV og/eða Sóknaráætlun Vesturlands

Víða á Vesturlandi verði mótuð aðstaða sem styður við fjölbreytt starf menningar, t.d. með uppbyggingu þróunarsetra, fab lab smiðja og vinnustofa listamanna.
Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin, Nýsköpunarnet Vesturlands

Markmið 4:

Menningartengt samstarf milli menningar-/fræðastofnana og háskóla á Vesturlandi

AÐGERÐIR:

Árleg ráðstefna fræðasetra, háskóla og menningarfulltrúa á Vesturlandi.
Hverjir koma að aðgerðinni: SSV í samvinnu við fræðslusetur og háskóla

Stuðlað verði að auknu samstarfi milli menningar- og menntastofnana á Vesturlandi.
Hverjir koma að aðgerðinni: SSV, sveitarfélögin, menningarstofnanir og menntastofnanir á Vesturlandi

Mælanleg markmið vegna kafla um Samvinna

- Er starfandi öflugt tengslanet aðila með menningu, listir og aðrar skapandi greinar að atvinnu árið 2025?
- Eru ráðstefnur eða samráðsfundir fólks í skapandi greinum haldin með reglulegu millibili á Vesturlandi árið 2025?
- Hefur verið unnið hefur verið að stofnun Listasafns Vesturlands árið 2025?
- Er „Vesturlandspassi“ sem gildir á söfn, sýningar og menningarhús svæðisins komið á laggirnar árið 2025?
- Eru fleiri félagsheimili og önnur vannýtt hús nýtt til blómlegs menningarstarfs og í daglegum rekstri árið 2025 en árið 2021?